



Vesturvör 30A

Fyrirspurn

Dags. 15.11.2024

Umsögn skipulagsdeildar

Í fyrirspurn dags 23. október 2024 óskar lóðarhafi að setja upp um 10 m³ eldsneytistank á norðausturhluta lóðarinnar nr. 30a við Vesturvör. Einnig er gert ráð fyrir 16 m² afgreiðsluplani við tankinn. Eldsneytið er eingöngu fyrir þá starfsemi sem fram fer að Vesturvör 30a og ekkert selt eða afhent öðrum aðilum.



Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs 4. nóvember 2024 var erindinu vísað til umsagnar skipulagsdeildar.

Forsendur

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er gert ráð fyrir nýrri brú yfir Fossvog sem er ný samgöngutenging fyrir gangandi, hjólandi og almenningsamgangna milli Kópavogs og Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að borgarlína fari um Vesturvör, Bakkabraut og áfram um Borgarholsbraut. Fyrir liggur deiliskipulag Fossvogsbrúar, sem var samþykkt í ársbyrjun 2019.



Í rammahluta aðalskipulags fyrir borgarlínu er gert ráð fyrir að Vesturvör verði borgarlínugata og að borgarlínustöð verði staðsett skammt frá umsóttum eldsneytistank.

Í breytingu á deiliskipulagi Kársneshafnar vegna 1. Lotu borgarlínu, samþykkt 7. október 2024 í skipulagsráði, er göturými Vesturvarar og borgarlínustöð nánar útfært. Í skipulagsvinnunni var haft samráð við lóðarhafa, sjá minnisblað dags 2. október 2024.

Skipulagsbreytingin nær til þess gatnarýmis sem tengist fyrirhugaðri Borgarlínu og þeim samgöngumannvirkjum sem henni fylgja. Borgarlínustöð er staðsett við norðurmörk lóða Hafnarbrautar 27 og Vesturvarar 30 og gert ráð fyrir að lóðarmörkum lóða við Vesturvör skerðist að einhverju leyti til að koma innviðum borgarlínu. Gert er ráð fyrir að Vesturvör verði að botnlanga og innkeyrsla við Vesturvör 30 verður lögð af.



Umsögn

Umsókn um eldsneytistank á lóðarmörkum Vesturvarar 30 A samræmist ekki áformum um uppbyggingu Borgarlínu og innviðum tengdum henni. Ennfremur virðist árekstarvörn fyrir eldsneytistank vera staðsett utan lóðamarka Vesturvarar 30. Í samræmi við lög um fjöleignarhús þarf einnig samþykki allra lóðarhafa þegar gerðar eru breytingar á sameign.

Gott aðgengi að Borgarlínustöðvum, vönduð hönnun stöðvanna og umhverfis þeirra er lykilatriði fyrir uppbyggingu á notendavænu samgöngukerfi.